



"Nám er leikur - leikur er nám"
Þróunarverkefni í Lágafellsskóla í
Mosfellsbæ 2007 - 2012

**Þróunarverkefni með það að aðalmarkmiði að leikurinn
verði uppspretta námsins og að í gegnum námið fái
nemendur tækifæri til að rækta leikinn**

"Nám er leikur - leikur er nám"
Þróunarverkefni í Lágafellsskóla í
Mosfellsbæ 2007 - 2012

Lokaskýrsla vor 2008.

Efnisyfirlit:

Samantekt / útdráttur.....	bls 3
Inngangur/aðdragandi.....	bls 4
Markmið.....	bls 4
Lýsing á verkefninu.....	bls 5
Niðurstöður verkefnisins.....	bls 6
Kynningar á verkefninu.....	bls 6
Mat á verkefninu.....	bls 7
Heimildir.....	bls 7

Samantekt/útdráttur:

Nú í vetur hefur verið unnið verkefni sem nefnist “Nám er leikur og leikur er nám” í yngstu bekkjardeildum skólans ásamt leikskóladeild og frístundaseli sem nú eru í fyrsta skipti alfarið á forræði skólans. Í haust um leið og leikskóladeildin tók til starfa tók skólinn við rekstri frístundaselsins sem áður hafði verið á forræði Íþróttá og tómskundaskóla bæjarins. Nýtt húsnæði var tekið í notkun sem rúmar leikskóladeildina, 1. og 2. bekk skólans og frístundaselið sem tekur við að hefðbundnum skóladegi loknum þar sem íþróttá- og tómskundastarf fer fram og “vinnudagur” nemenda því samfelldur að mestu leyti.

Starfað hefur verið með breytta kennsluhætti í 1. bekk skólans undanfarin ár í tengslum við þróunarverkefni sem kennarar í 1. árgang unnu. Þeir breyttu kennsluhættir sem starfað hefur verið eftir undanfarin ár í 1. bekk voru nú í haust færðir upp í 2. árgang. Nemendur leikskóladeildar skólans koma einnig að daglegu starfi yngstu grunnskólanemendanna og þá einkum í gegnum valstundir.

Lágafellsskóli starfar eftir kenningu Howard Gardner um fjölgreindirnar þar sem lögð er áhersla á að hver og einn fái tækifæri til að nýta styrkleika sinn eftir áhuga og styrk. Skólinn leggur mikla áherslu á list- og verkgreinar í öllu sínu starfi.

Í haust var farið af stað með þá nýjung að nemendur í 1. og 2. bekk hafa frjálst val í um eina klukkustund fjórum sinnum í viku og í boði hafa verið 10 valsvæði sem innihalda allar sérgreinar auk útiveru og fleiri valstöðvum tengdum leik og inn á svæði nemenda koma sérgreinakennarar skólans. Verkefnið hlaut nafnið *Nám er leikur – leikur er nám* þar sem megin áhersla er lögð á að námið fari fram í gegnum leikinn og að leikurinn sé uppspretta námsins. Nú í janúar bættist síðan leikskóladeild skólans við í valtíma fyrst tvisvar sinnum í viku og síðan þrisvar sinnum í viku. Um leið bættist eitt valsvæði við sem er fjölbreytt kubbasvæði á leikskóladeild. Í valstundinni velja því 5, 6 og 7 ára nemendur saman úr þeim 11 svæðum sem í boði eru og fær áhugi og styrkur nemenda að njóta sín vel.

Myndaðir voru málörvunarhópar með nemendum úr öllum þremur árgöngunum, tveir nemendur úr hverjum árgangi og sá sérkennari yngsta stigs um kennsluna sem gekk mjög vel.

Inngangur/aðdragandi:

Í Lágafellsskóla hefur verið mikil þróun í kennsluháttum og þegar nýbygging við skólann var skipulögð, var tekið tillit til þess í allri hönnun. Áhugi kennara beindist fyrst og fremst að því að auka hreyfingu nemenda (minnka borðavinnu og gefa nemendum meira rými til að hreyfa sig á skólatíma). Einnig voru skoðuð skólaskil leik og grunnskóla með tilliti til þeirra kennsluhátta sem viðhafðir eru í leikskóla. Leikurinn sem kennsluáðferð var lögð til grundvallar.

Markmið:

Markmiðið var meðal annars að færa þessa nýju kennsluhætti yfir á allt yngsta stigið í þrepum ásamt því að hefja rekstur leikskóladeildar innan skólans í nýja rýminu og að námið færi fram í gegnum leikinn. Þá var lögð vinna í að þróa áfram nýja kennsluhætti í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samkennslu árganga og þjálfa nemendur í sjálfstæðari vinnubrögðum. Á hverju skólaári er ætlunin að taka fyrir ákveðna þætti sem vinna á með. Við þetta skapast tækifæri til að vinna náið með leikskólanum og tengja þessi skólastig enn frekar en þó með Aðalnámskrár leik og grunnskóla til grundvallar. Nýbyggingin var tekin í notkun nú í haust og hýsir hún tvo yngstu árganga grunnskólans auk einnar leikskóladeildar fyrir elstu nemendur leikskólans. Húsnæðið gefur mikla möguleika varðandi þennan þátt. Fimm ár eru ætluð í þróun þessa verkefnis.

Lýsing á verkefninu:

Veturinn 2006 - 2007 var notaður til að undirbúa breytingar með skólaheimsóknum og öflun annarra gagna. Kannaðar voru væntingar allra kennara á yngsta stigi til verkefnisins meðal annars með það í huga að ef til vill gæti verkefnið þróast upp í 4. bekk á næstu árum.

Markmiðin eru eftirfarandi:

- Gera góðan skóla betri með því að:
 - Auðvelda nemendum að nema og þroskast eins og þroski þeirra er hverju sinni við nýjar aðstæður.
 - Að gefa kennurum bæði leik og grunnskóla færi á annarskonar samstarfi og kynnast betur mismunandi kennsluháttum á mismunandi skólastigum.
- Nemandinn í fyrirrúmi:
 - Jákvæðni, hrós og hvatning eru umbunarleiðir
 - Sérstök áhersla verður lögð á námsaðferðir nemenda.
 - Kennsluáðferðir verða miðaðar við þarfir hvers og eins.
- Nota leikinn sem útgangspunkt í námi og starfi með börnum:
 - Leikurinn er börnum eðlilegur og því er eðlilegt að áhugahvatinn á viðfangsefninu komi í gegnum leikinn.

Þegar þessi markmið voru skoðuð og rædd, fæddist nafnið á þróunarverkefninu "*Nám er leikur - leikur er nám*" og voru allir sammála um þá nafngift.

Kennarar í 1. og 2. bekk fengu að gera breytingu á skipulagi í kennslu sem gekk út á það að einn kennari kenndi alla íslensku í árganginum, annar kenndi alla stærðfræði í árganginum, sá þriðji kenndi alla samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni og sá fjórði kenndi list og verkgreinar í listasmiðju. Í Lágafellsskóla var nemendum 1. bekkjar skipt í þrjá umsjónarbekki en fimm hópa í svokölluðum lotum og nemendum í 2. bekk var skipt í fjóra umsjónarbekki en fimm hópa í lotum. Að auki komu að kennslunni 10 kennarar sem kenndu í vali í miðbiki. Í miðbiki völdu nemendur sig inn á svæðin og var því fylgt eftir að nemandi gæti valið sama svæðið eins lengi og hann vildi. Inni á hverju svæði var síðan töluvert val og fór kennslan að mestu fram í gegnum leik. Sama tímatafla er hjá nemendum 1. og 2. bekkjar og því eru þau saman á þessum valsvæðum í miðbikinu. Leikskólabörnin hafa tekið þátt í valinu í miðbiki frá febrúar 2008.

Kennsludeginum var skipt upp í nokkur kennslutímabil, kjarna, fyrri lotu, miðbik, seinni lotu og kjarna (sjá fylgiskjal 1) og með löngum frímínútum og hádegishléi á milli. Skóladagurinn hófs hjá umsjónarkennara, í kjarna, sem var einnig með sínum hóp í nestistímum og matartímum. Einnig hittist hópurnir hjá umsjónarkennara í kjarna í lok hvers skóladags. Þetta töldu kennararnir afar gott skipulag og hafði þá t.d. íslenskukennari yfirlit yfir allt

Íslenskunám allra nemendanna í árganginum og framfarir í þeirri námsgrein. Þessar kennsluaðferðir þróaði þessi kennarahópur áfram næsta árið og styrktu jafnframt ýmsa þá þætti sem upp komu á fyrsta ári. T.d. jókst kennsla í markvissri málörvun og lestri í morgunkjarna og samþætting þvert á námsgreinar jókst og varð enn meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Þetta gerði það að verkum að hver umsjónarkennari fékk ákveðna yfirsýn yfir námsframvindu nemenda sinna. Jafnhliða þessu komu kennararnir á símati og ákveðinn grunnur var lagður að einstaklingsnámskrá fyrir slaka nemendur. Skráning fór þannig fram að kennarar fylgdust með ákveðnum nemendum í ákveðinn tíma og skráðu námsframvindu hvers og eins í spjaldskrá og svo var vinnu nemenda safnað yfir veturinn. Fyrir foreldravíðtöl vann kennarahópurinn allur saman að undirbúningi.

Niðurstöður verkefnisins:

Markmiðin sem sett voru við upphaf verkefnisins hafa að hluta til náðst eins og vænst var þrátt fyrir að verkefnið sé ekki fullklárað. Önnur markmið bættust síðan við þegar farið var af stað og á leið okkar á þessu skólaári. Við erum bara rétt farin af stað og sú reynsla sem við búum að eftir þetta fyrsta skólaár verkefnisins gefur okkur styrk og ánægju til að halda ótrauð áfram að vinna að markmiðum verkefnisins auk þess að bæta við nýjum markmiðum sem verða hugsanlega á vegi okkar.

Samstarf kennaranna sem taka þátt í þróunarverkefninu jókst til muna og styrkir þá í starfi að eigin mati. Dagskipulag hentar nemendum mjög vel að mati kennara þar sem dagurinn er brotinn upp með valstund og útiveru. Leiknum var gert hátt undir höfði og teljum við það markmið hafa náðst en viljum þó þróa það lengra.

Mikil jákvæðni og gleði ríkir á svæðinu sem við teljum að hafi styrkst með verkefninu.

Kynningar á verkefninu:

Verkefnið hefur verið kynnt á málþingi í Kennaraháskóla Íslands í október 2007. Ýmsar kynningar hafa farið fram fyrir aðra áhugasama skóla sem komið hafa sérstaklega í heimsókn og sýnt verkefninu mikinn áhuga. Kynning hefur farið fram fyrir bæjarráð og fræðslunefnd Mosfellsbæjar. Öllum leik- og grunnskólastjórum Mosfellsbæjar var boðið á kynningu á verkefninu. Ráðgjafar frá Kennaraháskóla Íslands hafa komið og kynnt sér verkefnið, tekið það út og sent niðurstöður í formi skýrslu. Að sjálfsögðu munu fleiri kynningar fara fram á verkefninu á komandi skólaárum því verkefnið er í stöðugri þróun og því mun áfram verða tilefni til að kynna það öðrum áhugasömum.

Mat á verkefninu:

Í mati á verkefninu kemur fram að áðurnefnd markmið náðust að mestu leiti. Þó ber að geta þess að einstaklingsáætlanir voru ekki gerðar fyrir nema hluta hópsins og er það mat kennaranna að fjölbreyttir kennsluhættir og mikið val nemenda hafi gert þeim kleift að vinna og læra á sínum forsendum. Sem dæmi má nefna að mun minna hlutfall nemenda úr þessum árgangi þurfti stuðning við lestrarnám samanborið við fjögur ár þar á undan.

Mat á verkefninu er í fullum gangi nú undir lok skólaársins og í ljós er að koma að mikið hefur áunnist á þessu skólaári og markmiðin sem lagt var upp með í byrjun eru að nást og reyndar gott betur en það. Mikil almenn ánægja er með verkefnið og framgang þess bæði hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki skólans. Gerð var könnun á meðal foreldra nú á þessari önn og nær allir voru ánægðir eða mjög ánægðir. Mikil gleði og góður andi ríkir á milli nemenda og bera þeir með sér ánægju sína af þessum mikla hreyfanleika, fjölbreytni og vali sem einkennir skóladaginn þeirra.

Heimildir:

Elísabet Jónsdóttir, deildarstjóri yngsta stigs og verkefnisstjóri verkefnisins.

Fylgiskjöl:

Dagsskipulag fyrir 1. og 2. bekk hefur verið sent í tölvupósti.

Lágafellsskóla, Mosfellsbæ
29.maí 2008

Elísabet Jónsdóttir
deildarstjóri yngsta stigs Lágafellsskóla